

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum**

88. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags kennara og stjórnenda í tónlistarskólum var haldinn fimmtudaginn 10. nóvember 2022. Fundurinn var fjárfundur haldin í Teams og hófst hann kl. 13:00.

Mætt f.h FT, Sigrún Grendal og Oddur Jakobsson. Af hálfu SNS mættu Berglind Eva Ólafsdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð. Rakel Guðmundsdóttir og Guðbjörg Sigurjónsdóttir boðuðu forföll.

Pá var gengið til dagskrár:

**1. Launaþróun stjórnenda innan KÍ og ósk FT um breytingar á kjarasamningi.**

Á 87. fundi fór FT yfir stöðu mála hvað varðar kjarapróun stjórnenda og félagsmanna FT og benti á tvö atriði, þar sem að mati félagsins hefur skapast ójafnræði þegar horft er til gerðar síðasta kjarasamnings. Um er að ræða eftirfarandi atriði:

1. Ákvæði um fæði og mötuneyti.
2. Ákvæði um persónuálag fyrir stjórnendur sbr. ákvæðin hjá SÍ og FSL en félagsmenn FT fá nú greidda launaflokka vegna viðbótarmenntunar en SÍ og FSL hafa tekið upp ný og víðtækari ákvæði um persónuálag vegna viðbótarmenntunar. Samkvæmt gildandi kjarasamningi aðila eru auk framangreinds menntunarákvæði kennara og stjórnenda ólík.

**Niðurstaða:**

Þau atriði sem falla undir tölulið 2 eru til frekari skoðunar hjá SNS.

Samningsaðilar eru sammála um að frá og með 1. desember 2022 taki gildi ný grein um fæði og mötuneyti sem verði færð inn í útgefinn heildarkjarasamning og hljóðar svo:

**3.4 FÆÐI OG MÖTUNEYTI**

**3.4.1** Starfsmenn sem eru við störf á föstum vinnustað skulu hafa aðgang að matstofu eftir því sem við verður komið. Matstofa telst sá staður í þessu tilvik, þar sem borinn er fram heitur og/eða kaldur matur, aðfluttur eða eldaður á staðnum. Húsakynni og aðstaða skulu vera í samræmi við kröfur viðkomandi heilbrigðisyfirvalda. Starfsmenn greiði efnisverð matarins, en annar rekstrarkostnaður greiðist af viðkomandi stofnun.

**3.4.2** Á þeim vinnustöðum, þar sem ekki eru aðgangur að matstofu, sbr. grein 3.4.1, skal reynt að tryggja starfsmönnum aðgang að nærliggjandi mötuneyti á vegum viðsemjenda.

**3.4.3** Ef keyptur er matur hjá öðrum aðila en greint er í gr. 3.4.2 skulu starfsmenn greiða kr. 704 fyrir hverja máltíð frá og með 1. janúar ár hvert. Upphæðin skal taka breytingum í samræmi

við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (252,5 stig) í október 2021. Reynist kaupverð vinnuveitanda á aðkeyptum mat lægra en sem nemur þessari upphæð skal miða greiðslur starfsmanna við það.

**3.4.4** Starfsmenn sem ekki njóta mataraðstöðu samkvæmt greinum 3.4.1 - 3.4.3 skulu fá það bætt með fæðispeningum, sem nema kr. 704 fyrir hvern vinnuskyldudag, enda séu þá uppfyllt neðantalin skilyrði:

- a. Vinnuskylda starfsmanns sé minnst sem svarar hálfri stöðu á viku.
- b. Starfsmaður hafi vinnuskyldu á föstum vinnustað frá kl. 11:00 - 14:00 eða 18:00 – 20:00 að frádregnu matarhléi.
- c. Matarhlé sé aðeins 1/2 klst. eða 1 kennslustund í skólum.

Upphæðin skal síðan taka breytingum 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingu á matar- og drykkjavörulið (01) í vísitölu neysluverðs m.v. vísitölu októbermánaðar ár hvert. Grunnvísitala er (252,5 stig) í október 2021.

## 2. Önnur mál

Umræða um atkvæðagreiðslur í blönduðum kjarasamningum.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 13:30.